

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Vesturbyggð.

Deiliskipulag heilsuseturs á Krosseyri.

Heimastjórn Arnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 11. september 2024 tillögu að deiliskipulagi heilsuseturs á Krosseyri. Í deiliskipulaginu felst að á 16,8 ha svæði, sem skilgreint er sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi, eru afmarkaðir 6 byggingarreitir fyrir eitt íbúðarhús, jógahús, fjögur gistihús, tvö frístundahús og tvö bátaskýli. Vatn fæst úr vatnsbóli í hlíðinni og fráveita verður í sameiginlegu hreinsivirki. Rafmagn kemur frá sólarcellum. Tillagan var auglýst með athugasemda-fresti til 6. maí 2024.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Patreksfirði, 18. nóvember 2024.

Óskar Örn Gunnarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 2. desember 2024